



**Alþingi**  
**Erindi nr. P 135/1659**  
**komudagur 4.3.2008**

Nefndasvið Alþingis  
b.t.: umhverfisnefndar  
Austurstræti 8-10

Tilvísun vor: 98.11  
Reykjavík, 29.02.2008

150 REYKJAVÍK

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um lagningu raflína í jörð, 315. mál**

Umhverfisnefnd hefur með bréfi, dags. 20. febrúar 2008, sent Landsvirkjun ofangreinda þingsályktunartillögu til umsagnar og fer svar fyrirtækisins hér á eftir.


Samkvæmt 3. kafla raforkulaga nr. 65/2003 skyldi stofna sérstakt fyrirtæki til að annast flutning raforku og kerfisstjórnun. Fram að setningu laganna hafði bygging og rekstur flutningskerfisins að mestu verið á höndum Landsvirkjunar. Um dreifikerfin er fjallað í 4. kafla laganna og annast dreifiveitur um byggingu þeirra og rekstur með hliðstæðum hætti og var fyrir setningu laganna.

Við undirbúning og hönnun flutningslína hefur Landsvirkjun allt frá stofnun fyrirtækisins fylgst grannt með þróun í heiminum á því sviði og ætíð kannað gaumgæfilega alla möguleika sem fyrir hendi hafa verið á hverjum tíma til að leggja rafstrengi í jörð og borið þá saman við loflínur. Hefur sá samburður lotið að raftæknilegum atriðum, öryggisatriðum, t.d. bilanahættu vegna veðurálags, umhverfisþáttum, þar með talið óhjákvæmilegu jarðraski og afturkræfni, kostnaði við mismunandi útfærslur og fleira.

Eins og rakið er að nokkru í greinargerð með þingsályktunartillögunni hefur kostnaður við jarðstrengi lækkað á síðustu árum sem gerir þá samkeppnishæfari við loflínur en áður var, cinkum á lægri spennum, sem nýttar eru í dreifikerfum. Hafa rafveitur notfært sér það í ríkum mæli, bæði við nýlagnir og endurnýjun eldri dreifikerfa. Í flutningskerfum sem rekin eru á hærri spennum er munurinn á kostnaði þó enn mikill. Ekki er vafi á því að Landsnet hf. mun fylgjast vel með þróun þessara mála eins og hingað til og nýta eftir því sem kostur er alla bestu möguleika sem fyrir hendi verða hverju sinni.

Landsvirkjun vísar til umsagnar Landsnets hf. til umhverfisnefndar, svo og umsagnar Samorku um þingsályktunartillögu þessa.

Virðingarfyllt

  
Örygur Þórðarson  
lögfræðingur

